

## Leiðbeiningar fyrir akstur hópbifreiða

Sóttvarnaráðstafanir vegna COVID-19 sem taka gildi 26. ágúst 2020

1. Almennt gildir í akstri hópbifreiða að ef ekki er hægt að virða 2ja metra nándarmörk og ferð varir lengur en í 30 mín. skulu bílstjóri og farþegar vera með andlitsgrímu. Börn fædd 2005 og síðar eru undanskilin grímunotkun.
2. Leiðbeinandi merkingar vegna COVID-19 frá sóttvarnalækni skulu vera við inngang í bifreiðinni (til útprentunar á [Íslensku](#) og [ensku](#)).
3. Handspritt skal vera við inngang sem farþegar eiga að nota þegar þeir koma inn í bifreiðina.
4. Farþegar skulu ganga rólega með góðu millibili inn og út úr bifreið.
5. Farþegar skulu sitja dreift um bifreiðina. Þeir sem eru í nánum tengslum mega sitja saman.
6. **Ef verið er að nýta hópbifreið til að flytja farþega sem eru komnir í sóttkví gildir eftirfarandi:**
  - a. Hópbifreið má aðeins flytja helming þess fjölda farþega sem leyfi er gefið fyrir. (Hópbifreið með leyfi fyrir 40 farþega má flytja að hámarki 20 farþega o.s. frv.).
  - b. Öllum ber að vera með andlitsgrímu.

### Dregið úr hættu á COVID-19 kórónuveiru smiti

-  ● Gæta vel að hreinlæti, þvo hendur reglulega með sápu og nota handspritt. Forðast snertingu við augu, nef og munn.
-  ● Hósta og hnerra í krepptan olnboga eða í pappír þegar um kvefeinkenni er að ræða.
-  ● Forðist náið samneyti við einstaklinga með hósta og almenn kvefeinkenni.
-  ● Sýna aðgát í umgengni við algenga snertifleti á fjöl-förnum stöðum, s.s. handrið, lyftuhappa, snertiskjái, greiðsluposa og hurðahúna.
-  ● Heilsa frekar með brosi en handabandi eða faðmlagi.